



Mýrdalshreppur



Staðardagskrá 21

2. útgáfa – 2009

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 22.10.2009

Efnisyfirlit

Inngangur.....	3
Fráveitumál.....	4
Umhverfisfræðsla	4
Ásýnd og umgengni	4
Atvinnulíf	5
Úrgangsmál.....	6
Lýðheilsa	6
Útivist.....	6
Skipulagsmál.....	7
Landgræðsla og ræktun.....	7

Ljósmyndir: Jónas Erlendsson og Páll Jökull Pétursson

Inngangur

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps samþykkti Ólafsvíkuryfirlýsinguna svokölluðu 22. nóvember 2000 en hún er yfirlýsing um framlag íslenskra sveitarfélaga til sjálfbærrar þróunar. Þann 21. mars 2002 samþykkti sveitarstjórn *Framtíðarsýn í Mýrdalshreppi – áætlun 2002-2005* en þar er tekið mið af hugmyndafræði Staðardagskrár 21. Margt af stefnumálum sem þar voru sett fram koma fram í tillögu að fyrsta aðalsskipulagi Mýrdalshrepps sem verður væntanlega samþykkt innan tíðar en mörg hafa einnig þegar komið til framkvæmda.

Í erindisbréfi umhverfis- og náttúruverndarnefndar Mýrdalshrepps sem samþykkt var af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 17. ágúst 2006 er nefndinni falið að fylgjast með þróun og framgangi umhverfisverkefna svo sem Staðardagskrár 21 og Green Globe 21. Green Globe 21 verkefnið hefur nú verið lagt á ís um sinn en nefndin hefur uppfært stefnumál Staðardagskrár 21 í Mýrdalshreppi. Þessi stefna var samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps 22. október 2009.

Í umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps á kjörtímabilinu 2006-2010 sitja Sigrún Guðmundsdóttir formaður, Ingvar Jóhannesson, Ágúst Freyr Bjartmarsson, Þráinn Sigurðsson og Áslaug Einarsdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Ragnhildur Helga Jónsdóttir frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi. Málið var rætt á 5 fundum nefndarinnar og á einn fundinn voru boðaðir fulltrúar úr öllum nefndum sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps þakkar þeim sem hönd hafa lagt á plóg við gerð þessarar stefnumótunar.

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri

Fráveitumál

Markmið

Íbúum og sumarbústaðaeigendum í Mýrdalshreppi sé tryggt að fráveitumál séu í lagi.

Leiðir

- Allar rotþrær í hreppnum séu hreinsaðar reglulega.
- Landeigendur/sumarbústaðaeigendur verði hvattir til að koma upp rotþróum við þau íbúðarhús/sumarbústaði, þar sem engar rotþrær eru. Þetta verði gert í samráði við Byggingafulltrúa og farið verði í sameiginlegt útboð á vinnu og efni, til að ná niður kostnaði.
- Viðurkenndur urðunarstaður fyrir seyru sé til staðar.
- Gjald verði innheimt fyrir tæmingu rotþróa og standi það gjald undir kostnaði.

Umhverfisfræðsla

Markmið

Íbúar í Mýrdalshreppi hvetja til þess að náttúran, sagan og umhverfið sé nýtt til fræðslu og skemmtunar.

Leiðir

- Heimasíðan www.vik.is verði nýtt til miðlunar margskonar umhverfisfræðslu. Þar verði aðgengilegt sem mest af upplýsingum, s.s. kortum með skráðum örnefnum, útbreiðslu einstakra fuglategunda, gönguleiðir og fleira.
- Fræða íbúa og sumarhúsafólk um endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs.
- Börnin læri strax í leik- og grunnskóla um hagkvæmni og ánægju af að útbúa eigin matjurtagarða.

Ásýnd og umgengni

Markmið

Sveitarfélagið Mýrdalshreppur er frá náttúrunnar hendi með fallegru sveitum. Til að viðhalda því og geta hampað okkur af fegurð svæðisins þurfa allir íbúar þess að taka höndum saman og bæta eigin umgengni.

Leiðir

- Sveitarfélagið sýni gott fordæmi í umgengni og viðhaldi á mannvirkjum ásamt hirðingu á opnum svæðum.
- Götur og gangstéttar verði lagaðar. Jafnframt verði götur merktar og komið upp umferðarskiltum á gatnamótum.
- Átak verði gert í að hefta útbreiðslu kerfils, hvannar og njóla.
- Uppbyggingu gamalla húsa vestast í þorpinu verði haldið áfram.
- Utanaðkomandi aðili verði fenginn til að fara um sveitarfélagið og gera úttekt á ásýnd þess. Sami aðili kæmi aftur að ári liðnu og gerði endurúttekt. Hverjum íbúðar-/atvinnuhúss eiganda ásamt jarðeigendum verði kynnt niðurstaða fyrri úttektar og þeim gert að gera viðeigandi úrbætur fyrir næstu úttekt.
- Gróðursett verði skjólbelti meðfram þjóðveginum austan við þorpið til að skerma iðnaðarsvæði betur af.
- Fundnar verði leiðir til að fækka bílhraejum og gámum sem eru dreifð um þorpið.



Atvinnulíf

Markmið

Fjölbreytni atvinnulífs verði sem mest í sveitarfélaginu og hugað verði að sjálfbærni þess.

Leiðir

- **Samfélagið standi saman að öflugri kynningu á svæðinu.**
 - Fyrirtæki á staðnum auglýsi sig saman og minni á sig og sveitarfélagið.
 - Samfélagið verði markaðssett heildstætt, klasasamfélag.
 - Samstarfsverkefni sveitarfélagsins og gistinguæiganda að markaðssetja íþróttaaðstöðu.
 - Atvinnuálanefnd komi upp sameiginlegri heimasíðu til nýttist til kynningar á svæðinu.
- **Fræða- og upplýsingasetur.**
 - Kötlusetur er fyrirhugað, það er rannsókn-, fræðslu- og upplýsingasetur, sem tengist háskólasetrinu. Þar munu vísindamenn hafa aðsetur (land- og náttúruvísindi, ferðamálafr. o.fl.). Jafnframt verða þar sýningar til að fræða ferðamenn og aðra.
- **Áhersla verði lögð á menningartengda ferðaþjónusta í Mýrdal.**
 - Stuðlað verði að því að heilsárs stöðugildum í ferðaþjónustu fjölgi.
 - Markaðssetning og kynning svæðisins leggi áherslu á sérstöðu þess.
 - Með góðri uppbyggingu á samgöngum og annarri aðstöðu gætu Sólheimajökull og Dyrhólaey, ásamt Reynisfjöru verið áningastaðir fyrir ferðamenn allan ársins hring.
 - Sögustaðir verði nýttir sem hluti af afþreyingu. Skráðar verði menningar- og fornminjar í sveitarfélaginu og þeim komið á framfæri við ferðamenn.
 - Stofnuð verði samtök þjónustuaðila s.s. ferðamálafélag, sem hafi það að markmiði að efla ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Slíkt félag myndi auðvelda fjármögnun þeirra verkefna sem þarf að ráðast í.
 - Fundin verði ímynd sveitarfélagsins bæði gagnvart íbúum og ferðamönnum. Slíkt væri samstarfsverkefni ferðaþjónustuaðila, sveitarfélagsins o.fl.
- **Í Mýrdalshreppi verði matvælaframleiðsla í hæsta gæðaflokki og tryggt að hún gangi ekki á auðlindir náttúrunnar.**
 - Atvinna verði stunduð á sem flestum jörðum, hlúð að því sem fyrir er og nýjum verkefnum veitt brautargengi.
 - Stuðlað verði að aukinni nýtingu þeirrar fjölbreyttu flóru sem vex á svæðinu, s.s. með margvíslegri úrvinnslu úr plöntum. Jafnframt verði stuðlað að aukinni ræktun á svæðinu, þar sem Mýrdalurinn hentar vel til hvers konar ræktunar, því mild veðráttu og frjósamur jarðvegur er á svæðinu.
 - Kannaðir verði nýtingarmöguleikar á Mýrdalssandi, m.t.t. til iðnaðar, útflutnings (vikurs og sands) og til ræktunar, þá til matvælaframleiðslu, ölgerðar og orkuframleiðslu.
- **Sérkennum og hönnun frá svæðinu verði komið á framfæri.**
 - Hönnuðir, framleiðendur og verslunarrekendur standi saman um að kynna og markaðssetja skaftfellska framleiðslu.
- **Háskólamenntuðum einstaklingum og iðnaðarmönnum á svæðinu þyrfti að fjölga.**
 - Mýrdalurinn verði kynntur sem eftirsóttur staður til búsetu sem fjölskylduvænt samfélag með góða þjónustu.
 - Miðað verði að því að fjölga störfum fyrir háskólamenntaða einstaklinga á svæðinu. Það verði samstarfsverkefni sveitarfélags, ríkisins og atvinnurekenda.



- Raunhæfar hugmyndir heimamanna um atvinnuuppbyggingu í opinbera geiranum hljóti brautargengi
- Fjarnám í iðngreinum verði eft í samstarfi við FSu, Sunniðn og Fræðslunet.
- **Fyrirtækjum og einstaklingum standi til boða atvinnuráðgjöf í heimabyggð.**
 - Atvinnuráðgjafi, starfsmaður Atvinnuþróunarsjóðs Suðurlands, veiti þjónustu í sveitarfélaginu.

Úrgangsmál

Markmið

Að meðhöndlun og förgun úrgangs sé til fyrirmyndar í sveitarfélaginu og stöðugt sé unnið að umbótum í þeim.

Leiðir

- Gámasvæðið verði afgirt og opið á ákveðnum tímum, þar sem starfsmaður mun tryggja rétta flokkun.
- Kynnt verði fyrir íbúum hvar hver úrgangstegund endar. Það eykur líkur á að fólk verði jákvætt og meðvitað um nauðsyn þess að flokka.
- Fræðsla um flokkun fari fram strax í leik- og grunnskóla.
- Átak verði gert með fyrirtækjum og einstaklingum um hreinsun brotajárns og annars úrgangs, samkvæmt ábendingum heilbrigðiseftirlits.
- Kannaðir verði möguleikar og kostnaður við að koma upp þriggja tunnu kerfi.

Lýðheilsa

Markmið

Allir aldurshópar í samfélaginu njóti góðrar lýðheilsu – alltaf.

Leiðir

- Mötuneyti verði áfram rekið á einum stað fyrir dvalarheimili og grunn- og leikskóla. Lögð verði áhersla á hollan og næringarríkan mat.
- Haldið verði utan um gott íþróttastarf allra aldurshópa.
- Grunnskóli í samstarfi við íþróttafélag, heilsugæslu og lögreglu fái árlega í skólann aðila sem vinna að forvarnastarfi fyrir börn og unglunga.
- Stöðugt verði hvatt til jákvæðs hugarfars íbúanna.

Útivist

Markmið

Náttúra sveitarfélagsins sé nýtt til útivistar, bæði fyrir heimamenn og gesti.

Leiðir

- Staðið verði fyrir reglulegum gönguferðum í hreppnum, þar sem staðkunnugur aðili leiðir gönguna og fræðir þátttakendur um staðhætti og sögu á þeim slóðum sem gengið er um.
- Við upphafspunkta göngu- og reiðleiða verði sett upp skilti með upplýsingum um heiti og lengd leiðarinnar. Þetta verði gert til að fleiri fari um þær leiðir sem fyrir eru, sem og til að bæta þær upplýsingar sem ferðamenn fá. Útbúinn verði texti með stuttri lýsingu af hverri gönguleið og þessum upplýsingum komið á framfæri með kortum eða sem skilti við upphaf hvernar gönguleiðar.
- Vinsælar gönguleiðir svo sem austur að Víkurkletti, eftir garðinum og gamla veginn upp að kirkju verði lagfærðar og jafnvel sett upp einhver lýsing. Þessar gönguleiðir eru vart færar þeim

sem hafa ekki fulla hreyfigetu. Óhentugt er að sami stígur sé fyrir reiðmenn og þá sem vilja ganga eða hlaupa.

- Skotsvæði verði strax flutt frá útivistarsvæðinu ofan þorpsins.
- Komið verði upp hreinlætisaðstöðu á Dyrhólaey og upp við Sólheimajökul.
- Útbúið verði afmarkað svæði fyrir motorcross.
- Lagðar verði hjólréiðabrautir og reiðleiðir.

Skipulagsmál

Markmið

Að Mýrdalshreppur verði framsækið og eftirsóknarvert sveitarfélag til búsetu.

Leiðir

- Útbúin verði áætlun um lagfæringar gatna og gangstétta í þorpinu og hafist verði handa sem fyrst.
- Strax verði hafnar framkvæmdir við sjóvarnargarð og við að hefta sandfok úr fjörunni.
- Aðstaða og aðgengi að vinsælum ferðamannastöðum verði bætt.
- Unnið verði deiliskipulag fyrir eldri hluta Víkurþorps. Farið verði í samkeppni um slíkt skipulag.
- Ferðamannastaðir í sveitarfélaginu verði deiliskipulagðir.
- Salernisaðstöðu á ferðamannastöðum verði komið í lag.

Landgræðsla og ræktun

Markmið

Að stöðugt sé unnið að landgræðslu og skógrækt á þeim svæðum sveitarfélagsins sem slíks er þörf og þar sem hentar.

Leiðir

Landgræðsla:

- Áfram verði unnið í samstarfi við Landgræðsluna um uppgræðslu í sveitarfélaginu. Uppblástur og jarðvegseyðing hefur verið nokkur bæði niður í byggð og inn á heiðum. Margir bændur taka þátt í verkefninu Bændur græða landið og vinna að uppgræðslu í samvinnu við Landgræðsluna. Einnig hefur Lionsklúbburinn Suðri verið öflugur við uppgræðslu rofabarða. Með áframhaldandi samstarfi við Landgræðsluna ætti að vera auðvelt að minnka jarðvegseyðingu þar sem yfirleitt er hægt að komast á vélum til sáningar t.d. í landi Víkur, inn á heiðum og víðar.
- Unnin verði markviss áætlun um fyrirhleðslu við jökulárnar, til að minnka eða stöðva landbrot vegna þeirra. Þetta verði gert í samvinnu við Landgræðslu og Vegagerð.

Skógrækt í sátt við umhverfið.

- Trjám verði plantað til skjóls og prýði í nágrenni Víkur og til afmörkunar á iðnaðarlóðum.
- Mótuð verði stefna um hvar sé æskilegt að planta trjám í sveitarfélaginu og hvar skuli ekki stunda skógrækt. Slík áætlun miði að því að varðveita land sem hentar til matvælaframleiðslu, hvar sé æskilegt að landslag og útsýnispunktur fái að njóta sín án skógræktar og hvar sé æskilegt að rækta skóg, t.d. til að skapa skjól, til landgræðslu og fyrir útivist.

